

## *Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.*

### **FUNDARGERÐ**

165. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í fundarsal Rangárþings ytra, Hellu, fimmtudaginn 26. mars 2015 kl. 11:15.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Sigfús Davíðsson, Ágúst Sigurðsson, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2014 lagður fram að nýju. Hagnaður ársins nam kr. 14.274.373, eigið fé í árslok nam kr. 59.732.964 og veltufé frá rekstri nam kr. 20.963.982. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.
2. Undirbúningur að endurnýjun kynningarbæklings. Vinna við bæklinginn er hafin og aðstoðar Gámpjónustan við verkið. Stefnt er að útgáfu hans á vordögum.
3. Bréf Umhverfissráðuneytisins 24.02.15 varðandi meðhöndlun úrgangs á Strönd. Lagt fram til kynningar.
4. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 23.02.15 varðandi opinbera birtingu skýrslna um magn og ráðstöfðun úrgangs. Lagt fram til kynningar.
5. Þjóðskrá Íslands, tilkynning um nýtt fasteignamat dags. 09.03.15 Fasteignamat umhleðsluhúss er kr. 102.700.000, þar af er mat lóðar kr. 56.200.000.
6. Þjóðskrá Íslands, áskorun um brunabótamat dags. 09.03.15. Óskað hefur verið eftir að Þjóðskrá gefi út brunabótamat fyrir nýja umhleðsluhúsið á Strönd.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 12,30

Ágúst Ingi Ólafsson  
Egill Sigurðsson  
Nanna Jónsdóttir  
Sigfús Davíðsson  
Ágúst Sigurðsson  
Ómar Sigurðsson  
Guðmundur Einarsson